

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 2215/96

frá 20. nóvember 1996

um undanþáguráðstafanir vegna „Glühwein“

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1601/91 frá 10. júní 1991 um almennar reglur varðandi skilgreiningu, lýsingu og kynningu á kryddvínnum, drykkjum blönduðum með kryddvínnum og hanastélum blönduðum með kryddvínnum⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 2061/96⁽²⁾, einkum 4. mgr. 4. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópubingsins og ráðsins (EB) nr. 2061/96 frá 8. október 1996 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1601/91 um almennar reglur varðandi skilgreiningu, lýsingu og kynningu á kryddvínnum, drykkjum blönduðum með kryddvínnum og hanastélum blönduðum með kryddvínnum, einkum 2. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Samkvæmt f-lið 3. mgr. 2. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1601/91 er bannað að bæta vatni í „Glühwein“, nema í tengslum við sætuefni. Í 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 2061/96 er kveðið á um undanþáguráðstafanir frá þessu ákvæði hvað varðar umrædda vöru á aðlögunartíma sem stendur til 31. janúar 1998. Rétt er að samþykkja þær undanþáguráðstafanir.

Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit framkvæmdanefndarinnar um kryddvín, drykki blandaða með kryddvínnum og hanastél blönduð með kryddvínnum.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. nóvember 1996.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

1. Með fyrirvara um aðgerðir, sem varða viðbót sætuefna, má framleiða „Glühwein“ með viðbótarvatni til 31. janúar 1998, að því tilskildu að lágmarkshlutföll víns, sem kveðið er á um varðandi framleiðslu á drykkjum blönduðum kryddvínnum í samræmi við b-lið 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1601/91, séu virt.

2. Að því er lýtur að þessari reglugerð á „framleitt“ við um fullunna vöru sem búið er að setja á flöskur og merkja og ætluð er endanlegum neytanda.

3. Liggja má með vöru, sem framleidd er í samræmi við 1. mgr. og er sannanlega farin frá framleiðendum og úr geymslum þeirra fyrir 31. janúar 1998, í því augnamiði að selja hana, markaðssetja og flytja út á meðan birgðir endast.

*2. gr.*Reglugerð þessi öðlast gildi á sjöunda degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Franz FISCHLER

framkvæmdastjóri.⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 149, 14. 6. 1991, bls. 1.⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. L 277, 30. 10. 1996, bls. 1.